DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2548 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 20. maí 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Matkráin í Hveragerði hlýtur umhverfisverðlaun bæjarins

Matkráin í Hveragerði hefur skapað sér gott orðspor undanfarið með góðum mat og notalegu yfirbragði. Eigendur Matkrárinnar eru þeir Jakob Jakobsson og Guðmundur Guðjónsson. Enn ein rósin í hnappagat þeirra bættist við þegar þeir hlutu Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2020.

Guðmundur Guðjónsson og Jakob Jakobsson, eigendur Matkrárinnar.

Afar ánægjulegt að fá þessa viðurkenningu

„Við erum rosalega ánægðir með viðurkenninguna. Þetta er mikil viðurkenning á okkar störfum. Og við erum afar þakklátir fyrir þetta," segir Jakob Jakobsson, annar eiganda Matkrárinnar í stuttu samtali við Dagskrána. Það er Umhverfisnefnd Hveragerðisbæjar sem árlega stendur fyrir vali á þeim sem hljóta skal umhverfisverðlaun bæjarins. „Viðurkenning ársins er veitt fyrir vel heppnaða breytingu á húsnæði og umhverfi þess, þar sem smekkvísi og hugmyndauðgi hefur gætt aðalgötu bæjarins auknu lífi," segir í tilkynningu frá Hveragerðisbæ. Verðlaunahafar fá á hverju ári tré Hveragerðisbæjar, rósarkirsi, til gróðursetningar á áberandi stað auk verðlaunaskjals sem í ár er hannað af Hrund Guðmundsdóttur.

-gpp

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar og Tyrfingur Guðmundsson, framkvæmdastjóri GTS ehf. skrifuðu undir samninginn en með þeim eru Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar, Helga María Pálsdóttir, bæjarritari og Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeildar.

Guðmundur Tyrfingsson áfram með akstursþjónustu í Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur gengið til samninga við GTs ehf. um skólaakstur, akstur fyrir félagsþjónustu, frístundaakstur og innanbæjarstrætó. Fyrirtækið bauð lægst í verkið. Útboðið fór fram fyrr í vor og samningurinn er til fimm ára með möguleika á framlengingu. Þjónustan hefst frá og með fyrsta ágúst nk. fyrir alla þjónustuþætti nema innanbæjarstrætó. Sá liður þjónustunnar hefst 1. janúar 2021.

Allt á fullu við annan áfanga Suðurlandsvegar

Allt er á fleygiferð við annan áfanga Suðurlandsvegar. Búkollur raða sér með fullfermi frá afleggjara Þórustaðanámu og halda austur á leið. Ýtustjórinn hefur vart undan að tippa úr moldarhaugunum. Gárungar veltu fyrir sér hvort nú skyldi sparað og vegurinn lagður úr mold. Því er þó til að svara að moldin er notuð sem farg og verður látin síga í jörðu í eina ellefu mánuði. Það er gert svo vatnið fari hraðar úr mýrinni sem þarna er, en búið er að moka framræsluskurði að auki til að flýta ferlinu. Þegar vegstæðið hefur hætt að síga verður undirbyggt undir nýjan og betri veg sem fellur að öllum nútímakröfum. Samkvæmt upplýsingum frá verktakanum verður sett farg ofan á vegstæðið frá Hvammsvegi eystri að Biskupstungnabraut. Í sumar verður svo farið í lagnavinnu bæði fyrir heitt og kalt vatn, þá verða innansveitarlínur frá Rarik settar í jörðu.

-gpp

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

Hrós vikunnar

Kolbrún Svavarsdóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Kolbrún Svavarsdóttir

Takk Gunna mín fyrir að skora á mig að koma með hrós vikunnar. Hrósið mitt fá fangaverðir og lögreglumenn þessa lands, en mér finnst þau öll hafa staðið sig frábærlega í sínu starfi á þessum skrítnu tímum.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Erna, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Hamingjulestin á fleygiferð á Suðurlandinu

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hélt sex íbúafundi vorið 2019 í tengslum við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Suðurland. Þar kom skýrt fram að heilsan er ofarlega í huga íbúa og þá sérstaklega geðheilbrigði og andleg heilsa. Í nýrri sóknaráætlun Suðurlands fyrir árin 2020-2024 er eitt settra markmiða að auka hamingju Sunnlendinga um 5% fyrir árið 2025.

Hamingjulestin er verkefni með eitt markmið: Að auka hamingju Sunnlendinga. Við erum öll ólík og því er rík áhersla á að ná til sem flestra með ólíkum áherslum og verkefnum, allt eftir því hvað hentar hverjum hópi.

Hamingjulestin er gátt fyrir fræðslu og verkefni sem stuðla að bættu geðheilbrigði og aukinni vitund um málaflokkinn. Einnig viljum við stuðla að aukinni virkni og hreyfingu allra Sunnlendinga sem liður í aukinni hamingju, vellíðan og líkamlegt hreysti. Nokkur sunnlensk sveitarfélög hafa hafist handa við verkefnið Heilsueflandi sveitarfélag og vinnur Hamingjulestin vel með því verkefni. Önnur sveitarfélög eru ekki síður að huga að þessum málaflokki og ættu þau að geta nýtt Hamingjulestina í þeirri viðleitni.

Vefur hamingjulestarinnar er fyrsti liður verkefnisins ásamt því að útnefna svokallaða Hamingjuráðherra í hverju sveitarfélagi. Þegar verkefnið er komið vel á veg verður efnt til viðburða og námskeiða í samstarfi við sunnlensk sveitarfélög, með málefni hamingju að yfirskrift. Hamingjuráðherrar eru tengiliðir Hamingjulestarinnar við verkefnið. Þeirra hlutverk er meðal annars að miðla gleðifréttum af sínu svæði, hvetja til þátttöku í viðburðum og námskeiðum á vegum verkefnisins.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga standa að Hamingjulestinni og lestarstjórar eru Guðlaug Ósk Svansdóttir, Ingunn Jónsdóttir og Vala Hauksdóttir. Við hlökkum til að dreifa gleðifréttum, fróðleik og gamanefni um Suðurlandið og stuðla að aukinni vellíðan okkar allra. Þeim, sem langar að kynna sér Hamingjulestina frekar, er bent á heimasíðuna hamingjulestin.is.



HEILSUHORN HSU

Heilsuvera - aukin þjónusta heilsugæslunnar á Selfossi

Heilsuvera er vefur fyrir almenning sem með hjálp rafrænna skilríkja tryggir örugg samskipti við heilsugæsluna. Undanfarin ár hefur átt sér stað þróun í þá átt að notendur heilbrigðisþjónustu eru í auknum mæli upplýstir og virkir þátttakendur í eigin meðferð. Lög kveða á um rétt einstaklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrá. Því er mikilvægt að stuðla að greiðu og öruggu rafrænu aðgengi einstaklinga að eigin heilbrigðisupplýsingum. Heilsuvera er gott dæmi um upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar sem eykur öryggi sjúklinga, skilvirkni og gæði. Notandi Heilsuveru getur átt í samskiptum við veitendur heilbrigðisþjónustu og nálgast gögn sem eru skráð um hann í heilbrigðiskerfinu á Íslandi.

Í dag geta þeir sem eru með skráðan heimilislækni á Selfossi átt samskipti við heimilislæknana þar og aðra starfsmenn eftir atvikum í gegnum Heilsuveru. Einnig er hægt að senda almenna fyrirspurn á heilsugæslustöðina sé viðkomandi skráður á hana. Til að nýta sér Heilsuveru þarf rafræn skilríki sem hægt er að fá í banka, en nauðsynlegt er að hafa símakort sem styður slík skilríki.

Á Heilsuveru er mikið af upplýsingum og almennum ráðleggingum sem við hvetjum fólk til að skoða og kynna sér. Eftir að búið er að skrá sig inn á Heilsuveruvefinn með rafrænum skilríkjum er m.a. hægt að skoða rafræna lyfseðla, endurnýja lyf, skoða bólusetningar, skrá inn heilsufarsupplýsingar, panta tíma og fleira. Nýjasta viðbótin í Heilsuveru eru myndsamtöl og er hægt að bóka slík samskipti við lækna og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslunni á Selfossi. Myndsamtöl geta í völdum tilvikum komið í staðinn fyrir viðtöl á heilsugæslustöðinni og hentar t.d. þegar fólk kemst ekki í viðtal á stöðina vegna aðstæðna, búsetu eða heilsu.

Hægt er að hafa samband við heimilislækni í Heilsuveru með því að senda fyrirspurn. Valinn er liðurinn „samskipti“ og síðan er valin „ný fyrirspurn“. Í reitinn „efnistök“ má skrifa nafn þess læknis sem á að fá skilaboðin en ef það er ekki gert þá fara skilaboðin til heimilislæknis viðkomandi eða er komið í viðeigandi farveg. Það skal tekið fram að það getur tekið 3 daga að fá svar frá lækninum og er þetta því ekki leið sem nota á við aðkallandi og bráð vandamál. Hins vegar er þessi aðferð hentug varðandi ýmsar upplýsingar sem fólk þarf á að halda og koma þá beint frá lækni, gott dæmi eru rannsóknarniðurstöður. Allar fyrirspurnir og samskipti í Heilsuveru eru varðveittar í sjúkraskrá og um þessi samskipti gilda sömu lög og reglur og gilda um önnur samskipti í sjúkraskránni. Hægt er að senda erindi er varða eigin börn undir 16 ára aldri í gegnum eigin aðgang en eftir 16 ára aldur geta börnin sjálf sótt um aðgang að Heilsuveru með rafrænum skilríkjum.

Við hvetjum fólk eindregið til að kynna sér Heilsuveru og nýta sér þessa tækni í samskiptum við sína heilsugæslustöð. Hagnýtar ráðleggingar um það hvernig nota á Heilsuveru má nálgast víða. Á heimasíðunni er möguleiki á spjalli við starfsmann sem svarar fyrirspurnum. Heilsugæslan svarar einnig fyrirspurnum og veitir ráðleggingar og svo getur fólk leitað til sinna nánustu og fengið leiðsögn hjá vinum og vandamönnum.

Til að nýta sér Heilsuveru sem best mælum við með því að fólk skrái sig á heimilislækni sem hægt er að gera í móttöku HSU.

Margrét Björk Ólafsdóttir
hjúkrunardeildarstjóri
heilsugæslunnar á Selfossi

Arnar Þór Guðmundsson
yfirlæknir heilsugæslunnar
á Selfossi

Sumarið er tíminn fyrir dróna

Með sumarkomu og hækkandi sól taka margir drónaflugmenn fram dróna sína. Mikilvægt er að fara vandlega yfir drónann eftir vetrargeymsluna og fullvissa sig um að allt sé í lagi. Þar sem áríðandi er að öryggið sé í fyrirrúmi við notkun þessara skemmtilegu tækja er ástæða til að árétta reglur sem gilda um notkun þeirra. Reglurnar gera skýran greinarmun á tómstundaflugi og notkun dróna í atvinnuskyni. Þær eru ekki margar eða flóknar en sem dæmi er mikilvægt að hafa í huga:

Hámarksflughæð dróna 120 metrar án undanþágu

Hámarksflughæð er 120 metrar. Þau sem stunda atvinnuflug geta sótt um undanþágu frá hæðartakmörkunum. Flugvellir og nágrenni þeirra eru ekki fyrir dróna. Drónaflugmenn verða að taka tillit til manna og dýra, hvorki valda ónæði, skaða fólk eða dýr né valda eignatjóni. Því eru í gildi reglur um flug í grennd við íbúðarhúsnæði og annars staðar þar sem fólk dvelst og á athafnasvæðum gilda almennar reglur um vernd eignarréttar, friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

Mikilvægt að skrá dróna sem nota á í atvinnuskyni

Merkja þarf dróna með nafni, heimilisfangi og símanúmeri. Ef nota á dróna í atvinnuskyni er skylda að skrá hann. Skráning dróna kostar ekkert og fer fram rafrænt á heimasíðu samgöngustofu. Sérstaklega er brýnt að atvinnudrónar séu skráðir, hvort sem þeir eru notaðir við myndatökur, fréttaöflun, mælingar, rannsóknir eða flutning á vörum. Þau sem stunda atvinnuflug með drónum geta sótt um undanþágu frá reglugerðinni. Þeim umsóknum þurfa að fylgja ítarleg gögn um starfsemina. Hægt er að sækja um undanþágu um það hjá Samgöngustofu. Allar upplýsingar fyrir eigendur dróna má nálgast á vef Samgöngustofu: www.samgongustofa.is/dronar.

KJÓLADAGAR

Allir kjólar á tilboðsverði 19.-25. maí

Einnig í vefverslun okkar
www.tiskuverslun.is
Afsláttarkóðinn er **KJOLAR20**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

RISAPRENTUN

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

SÍMI 482 1944
SELFOSSO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR

Óskum eftir rekstraraðilum – áhugasamir hafið samband við okkur á tölvupósti: info@thegreenhouse.is

MATHÖLL · MATARMARKAÐUR · VERSLUN · AFÞREYING · FERÐAÞJÓNUSTA

Ný útivistartæki tekin í notkun í Árborg

Laugardaginn 16. maí sl. voru tekin í notkun sérhæfð útivistartæki ætluð eldri borgurum frá framleiðandanum Lappsett í Finnlandi. Tækin eru staðsett við suðurenda Grænumarkar 5 á Selfossi. Þar er m.a. annars að finna þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í Árborg.

Heilmikið undir því komið að stunda hreyfingu

Í ávarpi Jóhanns Helga Hlöðverssonar, innflytjanda tækisins, kom fram að það væri hannað með eldri borgara í huga. Við þróun þess hafi komið saman ýmsir sérfræðingar sem höfðu það að markmiði að þróa tæki sem myndi nýtast fólki til að halda heilsu lengur.

„Eftir nokkurra vikna tíma þar sem fólkið fór reglulega í tækin voru margir farnir að eiga auðveldara með að standa upp og hreyfa sig, jafnvel kasta frá sér stafnum," sagði Jóhann glaðlega um árangurinn af því að nýta sér búnaðinn. „Það eru alls 14 æfingakerfi sem hægt er að gera í tækinu," sagði Jóhann og sýndi viðstöddum æfingarnar og skýrði út. Í máli Guðfinnu Ólafsdóttur, formanns eldri borgara kom meðal annars fram að það væri heilmikið undir því komið að stunda hreyfingu alla ævi. Þá væri FEB á Selfossi afar ánægt með nýju tækin og ætti von á því að margir myndu nýta sér þau."

Verkefnið loksins í höfn

Í samtali við Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur sagði hún ánægjulegt að 10 ára hugmynd væri loks orðin að veruleika. Það voru alls átta félög og fyrirtæki sem styrktu verkefnið. Með styrkjum frá þeim tókst að kaupa tækið sjálft. Það var svo Sveitarfélagið Árborg sem sá um jarðvinnu og að koma því fyrir á sinn stað. Í máli Gísla Halldórs Halldórssonar kom fram að hann vildi fyrir hönd sveitarfélagsins þakka öllum þeim sem stóðu að verkefninu og greiddu leið þess með einum eða öðrum hætti. Það væri til merkis um það að þegar við stæðum saman sem heild gætum við áorkað miklu. -gpp

Sunnlenski matgæðingurinn

Sverrir heiti ég og bý á Núpi undir Eyjafjöllunum og skilst mér að Sigurður Hjalt. á Miðgrund hafi skorað á mig í að senda inn uppskrift.

Réttururinn heitir
Brjálað að gera

Hálfur frampartur af lambi.
(Má vera sagaður en ég úrbeina hann og sker í bita)
Hálft kíló af gulrótum

Þetta er eiginlega það eina sem ég man að sé í réttinum en svo bæti ég alltaf því sem ég finn í ísskápnum við t.d. hvítkáli, papriku, sveppum, lauk eða einhverju öðru. En galdurinn við réttinn er að ég krydda hann með öllum appelsínugulu kryddunum frá Pottagöldrum.

Þau eru:
Best á allt
Eðal steikar- og grillkrydd
Franskt kartöflukrydd
Töfrakrydd

Svo þegar blái Lecruset potturinn sem Áki gaf Ástu minni að gjöf er orðinn barmafullur þá set ég lokið á hann og baka þetta inni í ofni á 140c í 3-4 klukkara, fer eftir því hversu brjálað er að gera hjá mér þann daginn.

Og ég skora á forkinn og lifskúnstnerinn Hönnu Valdísi Guðjónsdóttur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Nýr aðstoðarskólameistari FSu

Sigursveinn Sigurðsson hefur verið ráðinn í stöðu aðstoðarskólameistara FSu. Sigursveinn tekur við af Þórarni Ingólfssyni sem starfað hefur í skólanum frá upphafi eða í 39 ár, en hann lætur af störfum á vordögum.

Níu aðrir umsækjendur sóttu um stöðuna. Ráðningin var unnin í samvinnu við ráðgjafa frá Capacent og fjármálastjóri og formaður skólanefndar tóku þátt í ráðningarferlinu og viðtölum.

Sigursveinn hefur starfað við FSu frá árinu 2006 og hefur kennt spænsku og ergó auk þess sem hann hefur verið sviðsstjóri frá árinu 2014. Hann starfaði sem skólameistari í afleysingum skólaárið 2018-2019. Hann tekur til starfa frá og með 1. ágúst.

Friðland að Fjallabaki

- stjórnunar- og verndaráætlun

Undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar, Rangárþings ytra og Náttúrufræðistofnunar Íslands unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki í samráði við ýmsa hagsmunaaðila. Drög að áætluninni hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Til stóð að halda opinn kynningarfund um áætlunina en í ljósi aðstæðna í samfélaginu er þess í stað birt rafræn kynning sem nálgast má á ust.is.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðminjar, fjölbreytt landslag, lífríki og ósnortin víðerni.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við rétthafa lands og sveitarfélag og er hugsað sem stjórntæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og auka vernd þess. Markmiðið með gerðinni er að leggja fram stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sem bestri sátt. Áætlunin gildir til 10 ára. Henni fylgir aðgerðaáætlun til þriggja ára sem verður endurskoðuð árlega.

Samráð er sem fyrr segir mikilvægur þáttur við gerð slíkra áætlana. Hvetur Umhverfisstofnun þá sem láta sig málefni friðlandsins varða til að kynna sér drögin og senda inn athugasemdir. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum er til og með 22. maí 2020. Umhverfisstofnun tekur á móti ábendingum og athugasemdum á heimasíðu sinni.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Gegn mér beita margir mætti meðalanna.
Á mér byggjast afrek manna.
Ég er látin málin sanna.

Svar við gátu í blaði 2547: BÚÐ.
1. lína: Íbúð - 2. lína: Verbúð / Sjóbúð
3. lína: Sölubúð

Íspan býður fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, sólvarnargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, veggi, sturtur og borðplötur.
Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í
1969 Íspan 2019
GLER OG SPEGLAR
50 ÁR

SMIÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGUR SÍMI 54 54 300 ISPAN.IS

Við auglýsum eftir endursöluaðila fyrir bjór- og víngerðarefni á Selfossi fyrir Suðurland.

Áhugasamir hafi samband:
aman@aman.is
www.aman.is

aman

Aðalfundur

Aðalfundur Íþróttafélagsins Suðra verður haldinn miðvikudaginn 27. maí 2020 kl. 17:30 í Tíbrá.

Efni fundar, venjuleg aðalfundarstörf.

Kveðja, stjórnin.

Sveitarfélagið ÁRBORG

SUMARIÐ 2020

Sumarstarf og námskeið í Árborg

Sumarblað Árborgar, sem inniheldur upplýsingar um sumarstarf og námskeið í sveitarfélaginu, er nú komið út og hafa aldrei verið jafn fjölbreytt námskeið í boði fyrir börn á svæðinu.

Í ár verður eingöngu hægt að sjá blaðið á netinu. Einnig verða eintök á nokkrum stöðum í Árborg líkt og sundlaugum, bókasafni og fleiri vel völdum stöðum.

Fjölbreytni námskeiða sumarið 2020 hefur aldrei verið jafn mikið og er sérstaklega ánægjulegt hvað mörg skapandi námskeið hafa bæst við þetta árið.

Skoðaðu blaðið á arborg.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Leikurinn – Ár frá Íslandsmeistaratitli

HANDBOLTI Föstudaginn 22. maí er ár liðið frá stóra deginum okkar, þegar við lyftum okkar fyrsta Íslandsmeistaratitli. Að sjálfsögðu munum við halda upp á það. Vegna þessara óvenjulegu aðstæðna verðum við að halda upp á það hvert í sínu lagi. Við ætlum að reyna að koma til móts við ykkur og bjóða upp á sýningu frá leiknum þann 22. maí.

Leikurinn verður sýndur á Youtube-rás Selfoss TV þann 22. maí, sléttu ári frá því leikurinn frægi fór fram. Fyrir leikinn verður upphitun í boði Selfoss TV þar sem farið verður yfir víðan völl. Að lokum verður verðlaunaafhendingin sýnd ásamt gleðinni á Tryggvatorgi. Útsending hefst á slaginu kl. 19.00.

Hægt verður að kaupa sig inn á viðburðinn sem verður aðeins sýndur í þetta eina skipti. Við hvetjum alla til að gera það, enda hafa aðstæður í þjóðfélaginu valdið deildinni miklu tekjutapi.

Hægt er að kaupa miða í vefverslun Umf. Selfoss á slóðinni selfoss.felog.is/verslun. Einnig er hægt að kaupa miða í verslun Baldvins & Þorvaldar.

Miðaverð á leikinn er kr. 2.000 og í vefverslun er einnig hægt að kaupa miða á leikinn, hamborgara og gos á kr. 3.300 (ATH. að hamborgari og gos er ekki innifalið, fólk verður að skaffa það sjálft).

Nökkvi Dan og Daníel Karl framlengja við Selfoss

HANDBOLTI Hinn Eyjamaðurinn Nökkvi Dan Elliðason hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss. Nökkvi, sem er 22 ára gamall, kom til liðsins í byrjun árs 2019 og var lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Selfoss það ár. Hann hefur glímt við meiðsli á nýliðnu tímabili og hefur þar af leiðandi ekki náð að sína sitt rétta andlit, hann var að ná vopnum sínum á ný þegar tímabilið var blásið af. Handknattleiksdeildin fagnar því að Nökkvi skuli halda áfram hjá Selfoss og verður gaman að fá að fylgjast aftur með þessum gleðigjafa á næsta tímabili.

Nökkvi Dan og Daníel Karl að lokinni endurnýjun. Ljósmyndir: UMFS/ÁÞG

Daníel Karl Gunnarsson hefur einnig framlengt samning sinn við Selfoss. Daníel, sem er aðeins 19 ára gamall, steig sín fyrstu skref með meistaraflokki í vetur og stimplaði sig þar rækilega inn. Handknattleiksdeildin fagnar þessum tíðindum og verður gaman að fylgjast með Daníel og öllum þeim fjölmörgu ungu og efnilegu leikmönnum sem munu koma upp úr starfi yngri flokka Selfoss á komandi árum. *-esó*

Anna Björk í Selfoss

KNATTSPYRNA Landsliðskonan Anna Björk Kristjánsdóttir hefur samið við knattspyrnudeild Selfoss og mun leika með liði félagsins í sumar. Hún kemur til félagsins frá PSV Eindhoven í Hollandi.

Anna Björk er 30 ára, reynslumikill miðvörður, sem á að baki 43 A-landsleiki fyrir Ísland. Hún hóf sinn feril með KR en fór þaðan til Stjörnunnar þar sem hún varð meðal annars þrefaldur Íslands- og bikarmeistari. Árið 2017 fór hún til Svíþjóðar og lék með Örebro og Limhamn Bunkeflo. Undanfarin tvö tímabil hefur hún leikið með PSV Eindhoven í hollensku úrvalsdeildinni.

„Um leið og ég fór að tala við þjálfarana og fólkið í kringum liðið á Selfossi þá heyrði ég hvað það er mikill metnaður hérna og það heillaði mig. Það tala allir vel um Selfoss og það eru skýr markmið og mikill uppgangur hjá liðinu. Ég er líka að klára nám í sjúkraþjálfun og fæ tækifæri til þess að vinna við það í Mætti sjúkraþjálfun á Selfossi," segir Anna Björk.

„Mér líst gríðarlega vel á þjálfarana og hópinn og þetta byrjar vel, það er gott að komast á æfingu í sveitinni og rifja upp gamla tíma. Þetta eru dálítið skrítnar æfingar núna þar sem við náum ekki að vera allar saman í hóp en ég sé alveg hvað er í gangi hjá liðinu og þetta er mjög spennandi verkefni. Síðan ég fór erlendis að spila hef ég alltaf fylgst vel með Pepsi Max-deildinni og veit hvað er í gangi hérna þannig að ég er mjög spennt að spila aftur á Íslandi. Um leið og það kom í ljós að ég væri ekki að fara út aftur þá er ég búin að telja niður mínúturnar að komast aftur út á völlinn. Um leið og maður fer af stað aftur þá finnur maður hvað fótboltinn hefur mikla þýðingu fyrir mann. Það er mikill hugur í mér og ég hlakka til að taka slaginn hérna á Selfossi."

Anna Björk og Einar Karl Þórhallsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna, staðfesta samninginn með um það bil tveggja metra millibili fyrir utan Kaffi krús. Ljósmynd: Umf. Selfoss/GKS

Sunnlendingar komast í langþráða laugarferð

Sundlaugarnar á Suðurlandi hafa staðið auðar um sinn vegna kórónuveirunnar. Mánudaginn 18. maí var laugargestum sumstaðar hleypt í laugar að nýju á miðnætti. Alls mættu 65 í Sundhöllina á Selfossi þegar dyrnar voru opnaðar eina mínútu yfir miðnætti. Gestirnir hreinlega spruttu inn um dyrnar og drifu sig ofan í. „Það er dásamlegt að koma aftur í sund og miðnæturopnunin spillir svo sannarlega ekki fyrir. Það má gjarna gera það oftar," sagði einn gestanna áður en hann fór ofan í.

Gaman að fá fólkið aftur í laugarnar

Magnús Gísli Sveinsson, tók við starfi forstöðumanns 1. febrúar síðastliðinn. Það má segja að fyrstu mánuðir í starfi hafi ekki verið eins og hann hafði lagt af stað með í upphafi.

„Þetta er búið að vera áhugaverður tími síðan ég tók við starfinu, en við erum búin að nýta hann vel í lokuninni hér innandyra. Það verður gott og gaman að fá fólkið aftur í laugarnar. Sundlaugarnar eru heilsubót og menningarstarfsemi slegið saman í eina heild. Íslendingar eru sundlaugafólk og þykir gott að koma í sund. Við lofum því að taka vel á móti fólki eftir þetta hlé, segir Magnús í samtali við Dagskrána.

Almannavarnir lagar í hendur gesta

Aðspurður um hvernig málum verður háttað í lauginni segir Magnús: „Almannavarnir byrja hjá okkur sjálfum. Við virðum tveggja metra regluna og umgengnisreglur í lauginni. Þannig verður hægt að tryggja áframhaldandi opnun og að ekki verði smit. Í laugina hér á Selfossi mega koma 74 í einu, niðri á Stokkseyri eru það 17 sem komast að. Við biðlum til fólks að sýna okkur þolinmæði og þeim reglum sem við vinnum undir skilning. Jafnframt er óskað eftir því við gesti að virða að dvelja ekki lengur en 1,5–2 klst. í hverri heimsókn.

Framkvæmdum í kvennaklefanum lýkur vonandi sem fyrst

Í kvennaklefa Sundhallarinnar var ráðist í framkvæmdir sem munu klárast á næstu einni til tveimur vikum. „Konurnar eru með útiklefana fyrir sig og karlarnir inni. Það er verið að flísaleggja gólfið í sturturýmunum í kvennaklefanum, segir Magnús að lokum. *-gpp*

Nauðsynlegt að huga að fæðuöryggi þjóðarinnar

Á fundi sínum hvatti sveitarstjórn Bláskógabyggðar stjórnvöld og landsmenn alla að taka fæðuöryggi þjóðarinnar föstum tökum. „Fæðuöryggi er skilgreint sem stöðugur aðgangur allra að nægilegum, öruggum og næringarríkum mat til að mæta næringarþörfum sínum. Það er aðeins nú síðustu öldina sem fæðuöryggi Íslendinga hefur verið nokkuð stöðugt, en aldirnar á undan varð reglulega mannfellir vegna hungursneyða. Sú jákvæða breyting sem varð á fæðuöryggi landsmanna á 20. öldinni byggir á byltingu í landbúnaði, sjávarútvegi og samgöngum, almennt batnandi efnahag þjóðarinnar, auknu frelsi í viðskiptum milli ríkja, ásamt fleiru. Þetta virðast sjálfsagðir hlutir þegar fólk þekkir ekki annað, en þegar vá steðjar að, sem vegur að einhverjum þessara þátta, er fólk minnt á að fæðuöryggi er ekki sjálfgefið."

Má ekki gleymast þegar váin er afstaðin

Í fundargerðinni kemur fram að yfirlýsingar komi oft upp um að hlúa þurfi að innlendri matvælaframleiðslu, tryggja flutningsleiðir og birgðahald. Það breytist þó um leið og váin er afstaðin og fellur í gleymsku. Þá er bent á að afkoma sumra búgreina hafi lengi verið óörugg og á þolmörkum. Þar sé ábyrgð neytenda mikil, en stjórnvöld leggi línurnar.

Hvatt til að tryggja grunnþætti til framtíðar

„Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill skora á stjórnvöld að tryggja til framtíðar þá grunnþætti er mestu skipta varðandi fæðuöryggi þjóðarinnar. Þar má nefna eignarhald á jörðum, varðveislu ræktunarlands, tollvernd sem heldur, og almenna þekkingu og viðurkenningu á hæfi mismunandi landgerða til mismunandi landnota, ekki síst matvælaframleiðslu. Tryggja þarf afkomu bænda til að í framtíðinni verði einhverjir til að framleiða þau matvæli sem þjóðin þarf og hægt er að framleiða hér. Annað er ábyrgðarleysi gagnvart komandi kynslóðum og þegar allt er rakið til enda hvort sem er kolefnisspor, virðisaukandi afleiðingar, sjálfbærni, byggðamál eða búmannleg hugsun er það hið rétta enda landbúnaður styrktur og tollverndaður hjá flestum þjóðum heims. Stuðla þarf að aukinni fjölbreytni í matvælaframleiðslu, meðal annars með því að styðja við ylrækt, garðyrkju og kornrækt. Miklir vannýttir möguleikar eru varðandi nýtingu íslensks korns bæði í manneldi og búfjárrækt. Í ylræktinni eru frábær tækifæri til að nýta hreinar orku- og vatnsauðlindir til að framleiða úrvals matvæli og blóm sem gleðja. Á sama tíma þarf að nýta styrkleika Íslands til grasræktar, sem undirstöðu nautgripa- og sauðfjárræktar. Öll viljum við að lífsgæði okkar séu og verði sem mest, til að svo verði þurfum við að lifa á því sem landið gefur okkur á sjálfbæran hátt og vera stolt af því."

Aðalfundur

Stjórnendafélag Suðurlands heldur aðalfund í sal Eldhússins að Tryggvagötu 40, Selfossi þriðjudaginn 26. maí nk. kl. 19:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Steinunn Ketilsdóttir frá Intellecta fræðir okkur um fjórðu iðnbyltinguna
4. Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga mætir á fundinn

Matur í boði félagsins í upphafi fundar

Stjórnin

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

Aðstoðarmaður tannlæknis - tanntæknir

Við erum að leita að starfsmanni á tannlæknastofu okkar á Hellu. Um er að ræða afleysingastarf í 14-15 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Vinnutími er breytilegur eftir dögum og þarf viðkomandi að vera nokkuð sveiganlegur. Starfshlutfall er 90%. Viðkomandi þarf að geta hafið starfsþjálfun í júní, sinnt einhverjum afleysingum í sumar og hafið störf að fullu 1. ágúst.

Hæfniskröfur:

- Við erum fyrst og fremst að leita að menntuðum tanntækni eða starfsmanni með reynslu af störfum á tannlæknastofu. Öll heilbrigðismenntun er kostur, til dæmis nám á sjúkraliðabraut. Við skoðum þó allar umsóknir með opnum huga.
- Viðkomandi þarf að hafa góða almenna tölvukunnáttu og getað talað og skrifað íslensku.
- Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir er rík þjónustulund, áhugi á mannlegum samskiptum, getað starfað undir álagi og vera úrræðagóður.

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum ef einhver eru, sendist á netfangið ragnheidur@tannalfur.is fyrir 27. maí nk.

Tannlæknaþjónustan.is

Lokað íþróttamót Sleipnis

Íþróttamót Sleipnis verður haldið helgina 22. - 24. maí. Stjórn og mótnefnd Sleipnis hefur ákveðið að um lokað íþróttamót verður að ræða og því eingöngu fyrir félaga í Hestamannafélaginu Sleipni að því undanskyldu að tölt (T1) meistaraflokki verður opið en þó með 30 keppenda hámarksfjölda.

SLEIPNIR

Nánar á sleipnir.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Miðbær – Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin tekur til svæðis sem er beggja vegna þjóðvegar nr. 1 þar sem hann fer um Hvolsvöll. Skipulagssvæðið afmarkast til norðurs að aðveitustöð Rariks. Til vesturs afmarkast skipulagssvæðið af beinni línu samhliða langhlið kyndistöðvar Orkuveitu Reykjavíkur. Til suðurs afmarkast skipulagssvæðið af Austurvegi 1 og til austurs af Vallarbraut. Stærð skipulagssvæðisins er um 14 ha. Meginmarkmið við endurskoðun deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir og byggingarmöguleika fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og íbúðir í miðbæ sem gegna munu mikilvægu hlutverki í þéttbýlinu á Hvolsvelli og sveitarfélaginu öllu. Endurgerð og breytingar á vegyfirborði þjóðvegar nr. 1 þar sem hann fer um þéttbýli Hvolsvallar er hluti deiliskipulagsáætlunarinnar. Gert er ráð fyrir breytingum á yfirborði vegarins og öðrum aðgerðum til að auka umferðaröryggi, draga úr umferðarhraða og gera veginn að bæjargötu. Hugað verður að bættum göngutengingum frá miðbæjarsvæðinu að öðrum hlutum þéttbýlisins.

Uppsalir – Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að gerð er ný lóð, Uppsalir 3 sem er 3,5 ha að stærð. Heimilt verður að byggja íbúðarhús/bílskúr, allt að 250 m^2, gestahús allt að 50 m^2 og skemmu allt að 250 m^2.

Þingheimar – Deiliskipulagsbreyting

Breytingin felur í sér stækkun á skipulagssvæðinu á Þingheimum (áður Forsæti 3) til suðvesturs um ca 50 m. Innan stækkunarinnar er afmarkaður nýr byggingarreitur D þar sem heimilt er að byggja skemmu/hesthús allt að 500 m^2 að stærð. Hámarkshæð byggingar er 7 m. Byggingarreitir/lóðir A, B og C verður breytt úr frístundahúsalóðum í íbúðarlóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. maí 2020. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 1. júlí 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi

Óábyrg fjármálastjórn í Árborg og leiðtogahlutverk bæjarstjórans

Sigurður K. Kolbeinsson

framkvæmdastjóri

Stærri fyrirtæki ráða sér gjarnan framkvæmdastjóra sem fer með daglega stjórn á rekstri og ber ábyrgð á honum gagnvart stjórn félagsins. Starf framkvæmdastjóra lýtur m.a. að tíðum samskiptum við sviðs- eða deildarstjóra innan fyrirtækisins sem veita eiga allar nýjustu upplýsingar úr rekstrinum og einnig að gera grein fyrir þeim hættum sem hugsanlega steðja að. Ef skipulega er unnið eiga upplýsingar um það sem aflaga fer að berast með fljótvirkum hætti til framkvæmdastjórans sem hefur þá tækifæri til að bregðast við með skjótum hætti enda ber hann ábyrgð á daglegum rekstri og þar með afkomu.

Þegar að sveitarfélögum kemur, svo ekki sé talað um hið opinbera, kveður við annan tón. Þar komast menn upp með að fría sig ábyrgð og vísa á þriðja aðila og/eða benda á utanaðkomandi aðstæður sem valdið hafi skekkjunni. Úr verður pólitísk umræða í stuttan tíma þar sem meirihluti kjörinna fulltrúa ver gjörðir þeirra sem bera hina raunveruleg ábyrgð og síðan þaggast málin niður hægt og rólega því stöðugt koma ný mál til umfjöllunar.

Bæjarstjóri Árborgar tók við starfinu í ágúst 2018 og var ráðinn úr hópi 15 umsækjanda. Hann var m.a. ráðinn á grundvelli reynslu sinnar af sveitarstjórnarmálum og umsamin launakjör hans þá voru 18 millj. kr. á ári auk nýrrar jeppabifreiðar og einhverra fríðinda sem fylgja slíku starfi. Spyrja má hvort hann var ráðinn til leiðtogastarfs eða verkefnastjórnunar? Sé hann leiðtogi þarf hann að starfa sem ötull frumkvöðull sem kemur með hugmyndir sem skapa ný tækifæri fyrir bæjarfélagið, einkum í atvinnumálum auk þess að stjórna öllum daglegum rekstri og gæta þess að ákvörðunum sé framfylgt. Almennt hljótum við að gera kröfu um að svo hátt launaðir starfsmenn upfylli allar ofangreindar kröfur og nægir að benda á Sveitarfélagið Ölfus í þeim efnum. Þar er allt á fullu og verið að skapa og þróa ný atvinnutækifæri og uppbyggingu byggðar og innviða til framtíðar. Sama má segja um Hveragerði og einnig Bláskóagabyggð en bæjar- og sveitarstjórar þessara sveitarfélaga hafa verið talsvert áberandi í ljósvakamiðlum að undanförnu. Vakið þar athygli á innra starfi, uppbyggingatækifærum og öðru því sem er að gerast í kjölfar Covid-19 ástandsins. Ég hef saknað slíkra viðtala við bæjarstjóra Árborgar en nýta þarf PR-fulltrúa bæjarfélagsins til að vinna slíka vinnu því fjölmiðlar koma ekki sjálfkrafa á staðinn nema um stórfréttir sé að ræða.

Að stýra bæjarfélagi er eins og að stýra stóru fyrirtæki, menn þurfa að vinna hratt, skipulega og ná yfir alla þætti í daglegri stjórnun. Allir þeir sem ég hef rætt við úr atvinnulífinu á Selfossi virðast vera á sama máli um að hjá Árborg vanti nákvæmari stefnumótun, einfaldari og fljótvirkari stjórnsýslu og ekki síst framtakssemi sem líkja mætti við gamalt þekkt slagorð; „Frá orðum til athafna“. En í litlu bæjarfélagi virðast fáir þora að tjá sig um þessi mál af hræðslu við að skerða eigin hagsmuni.

Ef vikið er að fjármálum eru jú öll sveitarfélög, líkt og íslenska ríkið, í erfiðri stöðu þessar vikurnar í kjölfar Covid-19 faraldursins og að sjálfsögðu er það virðingarvert að hlaupið sé undir bagga með fyrirtækjum og einstaklingum þar sem boðið er upp á ýmis úrræði þ.m.t. útgjaldadreifingu. Það mun að sjálfsögðu hafa sín áhrif á fjárstreymi sveitarfélagsins en áhrifin væru mun minni ef staðið hefði verið betur að fjármálastjórn í Árborg. Í því sambandi vil ég spyrja hvernig það hafi getað átt sér stað þegar ráðist var í breytingar á Ráðhúsi Árborgar þar sem áætlað var upphaflega að kostnaður næmi 5 milljón krónum að hann stefni nú í 100 milljón krónur a.m.k? Tuttuguföld umframkeyrsla þýddi sjálfvirkan brottrekstur bæði framkvæmdastjóra og fjármálastjóra í hverju og einu fyrirtæki en þannig er það ekki í Árborg. Hver tók endanlega ákvörðun um verkefnið og hvaða vinnubrögð voru viðhöfð við ráðningu á verktaka? Á hvaða stigum var fjárhagsáætlun breytt og á hvaða tímapunkti voru þær breytingar kynntar? Hver er í raun ábyrgur fyrir þessari vitleysu? Það er ekki sveitarfélagið sjálft heldur einstaklingar sem þar starfa. Sem óháður bæjarbúi í Árborg óska ég eftir svörum við þessum spurningum. Hins vegar grunar mig að „menn“ virðist ætla að komast upp með þessi fordæmalausu

vinnubrögð sem hvergi hafa verið kennd í háskólum en umsögnin um bága verkefnastjórn og um leið ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins mun á endanum verða dæmd af eigendum sveitarfélagsins. Hvernig stendur á því að svona vinnubrögð eru liðin? Hvernig má það vera að tvíeykið framkv.stjóri fjármálasviðs og bæjarstjóri Árborgar gátu ekki sameiginlega gert grein fyrir stöðunni fyrr en allt var um seinan? Eðlilega hlýtur maður að spyrja hvort annarlegar ástæður séu að baki verktökunni, þ.e. hvort einhver vinatengsl hafi hugsanlega verið í spilinu því svo rækileg framúrkeyrsla er fáheyrð í þessu landi. Var hefðbundið útboð viðhaft áður en í verkefnið var ráðist? Eðlilegur hönnunarkostnaður miðast að jafnaði við 5-10% af verkframkvæmdum, þó er hann ávallt hærri hjá opinberum aðilum. Hversu hár var hann í raun í þessu tilfelli? Gefum okkur að kostnaður verkefnisins myndi fara 100% fram úr áætlun og allir myndu sætta sig við það, er framúrkeyrslan samt það mikil að hún nemur hærri upphæð en launum bæjarstjórans í þau 4 ár sem hann er ráðinn til starfans. Er það eitthvað eðlilegt? Vinnur hann fyrir launum sínum?

Fleiri dæmi má taka t.a.m. um fjárfestingar á upplýsingasviði sem lúta að rafrænni stjórnsýslu árið 2019 sem mér skilst að verið sé að endurskoða um þessar mundir, aðeins ári eftir að þeirri fjárfestingu var hampað og hún kynnt. Einnig myndi ég vilja skoða hvernig staðið var að útboði á gerð nýrrar heimasíðu Árborgar auk gríðarlegrar fjölgunar í mannaráðningum á stjórnsýslusviði sem útheimta ærinn launakostnað sveitarfélagsins til framtíðar. Þetta eru fáein dæmi en umfjöllun um þau bíður næstu greinar minnar um þessi mál.

Virðingarfyllst,
Sigurður K. Kolbeinsson,
framkvæmdastjóri

Ég er í stöðugri leit að hinum fullkomna texta

segir lestrarhesturinn Hrafnhildur Magnúsdóttir

Hrafnhildur Magnúsdóttir býr á Selfossi ásamt eiginmanni sínum Jóhanni Ólafi Sigurðssyni og eiga þau tvo syni, Ingimar Bjart og Unnar Þey. Hrafnhildur er með BA próf í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands og MA próf í heimspeki frá Háskóla Íslands. Hún starfar á Skipulagsstofnun við miðlun og stefnumótun. Hún er áhugamaður um listina að lifa og allt sem getur glætt lífið fegurð, gleði og friði.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég á yfirleitt nokkrar í handraðanum til að grípa til, svona eftir því í hvernig stuði ég er og hvað mig vantar þá stundina. Núna er ég með á náttborðinu fyrsta bindi ævintýranna um múmínálfana í Múmíndal, safnbók sem kom út fyrir tveimur árum og síðan annað bindi í fyrra. Þar er svo mikið ævintýri - fullkomin blanda af undri og ógn. Sérstaklega gaman að lesa *Halastjörnuna* á þessum síðustu og verstu, með heiminn á hvolfi. Ásamt múmínálfunum hef ég líka verið að glugga í nýútkomna bók, *Heillaspor*, með drengjunum mínum. Mjög falleg bók í mynd og máli sem kveikir skemmtilegar pælingar um allt þetta sem mestu máli skiptir, lífið og tilveruna. Í töskunni er ég svo með ljóðabækurnar *Leðurjakkaveður* eftir Fríðu Ísberg og Ljóðnámusafn Sigurðar Pálssonar. Engin skáldsaga eins og er, en í fræðilega endann er ég með eina um mjúkt og gönguvænt borgarskipulag, *Soft City* og aðra um ljóðræn rými, *Poetics of Space*, sem ég hef reyndar lesið áður en er í uppáhaldi. Sumar þessara bóka fann ég eftir grúsk og leit að einhverju sérstöku, aðrar var mér bent á að ég þyrfti að lesa og einhverjar komu bara til mín fyrir tilviljun og vöktu áhuga minn.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Það er svolítið tilviljanakennt. Þær eru allskonar. Ég er svolítið veik fyrir fallegum (í víðri merkingu) bókum og ég hika ekki við að dæma þær eftir kápunni. Góðar ljóðabækur, smá- og skáldsögur eða fræðibækur í fallegu bandi eru gersemar, þar skiptir flokkur ekki höfuðmáli. Ég hugsa samt að ég myndi teljast vandlátur lesandi og gef enga sénsa ef bókin nær mér ekki strax. Ég er í stöðugri leit að hinum fullkomna texta og þegar ég kemst yfir bækur, helst á hægu tempói, sem ná að fanga einhvern skilning á mannlegu hlutskipti og tilvistinni eða ná að framkalla eitthvað alveg sérstakt; rými og tíma, andrúmsloft, skynjun eða tilfinningu – þá er ég sátt og þá skiptir ekki endilega máli hverrar gerðar bókin er. Svo er ekki verra að hafa húmor og smá von, það má ekki vera of mikið myrkur þó það sé nú yfirleitt alltaf í og með.

Fékkstu bókauppeldi í barnæsku?

Bækur hafa skipað ansi stóran sess í mínu lífi síðan ég var peð. Bókum og sögum var haldið að okkur systkinunum heima, það var lesið fyrir okkur og við hvött til að lesa allskonar bækur sem féllu sumar í kramið - aðrar ekki. Ég reyndi til dæmis nokkrum sinnum við *Þegar ég varð óléttur* eftir Þórberg Þórðarson en hann var í miklu uppáhaldi á heimilinu - og kannski ef aðstæður hefðu þróast með öðrum hætti héti ég líklega Þórbergur í höfuðið á honum. Ég átti eitt lestrartímabil þar sem ég drakk í mig *þjóðsögusafn Jóns Árnasonar, Grimmsævintýrin* og HC Andersen og svo var það *Hringadróttinssaga* og *Harry Potter* – bíð enn eftir uglupósti. Astrid Lindgren og Guðrún Helgadóttir standa líka upp úr, þær voru lesnar fyrir mig í gegn og síðan las ég þær sjálf aftur og aftur og geri enn, núna fyrir mín börn. Ætli það megi ekki segja að það hrjái mig hálfgert barnabókablæti sem ég hef aldrei vaxið almennilega upp úr. Mín allra uppáhalds er nú samt *Mómó*, eftir Michael Ende sem var reyndar bara til á þýsku heima þegar ég var lítil svo ég drakk bara fyrst í mig kápuna, heilluð af skjaldbökunni og öllum klukkuturnunum en seinna af sögunni eftir að ég komst yfir hana á íslensku. Mómó er ein af þessum sögum sem ég les reglulega enda á hún kannski enn meira erindi við fullorðna eins og gildir um vandaðar barnabækur.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Lestrarvenjurnar eru svolítið tilviljanakenndar og fara eftir veðri og vindum. Reyndar er yfirleitt fastur punktur í barnabókalestri fyrir stubbana á kvöldin fyrir svefninn. Fyrir annan lestur, minn eigin, reyni ég að nýta

Hrafnhildur Magnúsdóttir

stundir sem skapast inni á milli í hversdeginum til að setjast niður með bók, svona þegar ég næ því og nenni. Ljóðabækurnar og fræðabækurnar liggja dreifðar um húsið og eru í töskunni, þá er auðvelt að lesa smá með kaffibolla en ég er að reyna að fjölga og rýmka þær stundir. Hinar, þá sérstaklega skáldsögurnar, þarf ég að vera mun duglegri að búa til tíma fyrir.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já, ég er svona hám-lesari, hverf inn í heim og get yfirleitt ekki lagt frá mér bækur fyrr en ég er búin, svona þegar ég byrja á þeim á annað borð. Síðasta bók sem ég tímdi ekki að leggja frá mér var sennilega *Maður sem heitir Ove* (er líka svolítið spennt fyrir svona pílagrímsvegferðar-hugsi). Og svo var það reyndar *Villigarðurinn* sem ég las um daginn og varð svo peppuð yfir að ég sofnaði seint.

En að lokum Hrafnhildur, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Heimspekingurinn og arkitektinn í mér hefur alltaf verið svolítið upptekinn af skynjun og upplifun af heiminum og samspili manns og umhverfis. Ætli það yrðu ekki heimspekilegar og draumkenndar skáldsögur og mögulega ljóðabækur þar sem ég myndi reyna við einhverjar slíkar pælingar og lýsingar. Eða fræðibækur. Skynjun og upplifun og áhrif þeirra á lífið, fegurðin og mörk veruleikans, mannlegt hlutskipti og veran í heiminum þar sem hún á sér óhjákvæmilega stað. Hljómar kannski svolítið eins og mögulegar költ-bækur fyrir þröngan hóp sérvitringa. Gæti orðið skemmtilegt.

Lestrarhestur númer 92.
Umsjónarmaður
Jón Özur Snorrason.

Guðlaug ráðin garðyrkjustjóri hjá Árborg

Mannvirkja- og umhverfissvið hefur ráðið Guðlaugu F. Þorsteinsdóttur í nýtt starf garðyrkjustjóra. Guðlaug er með meistararéttindi í skrúðgarðyrkju frá Landbúnaðarháskólanum á Reykjum í Ölfusi. Hún starfaði áður sem yfirverkstjóri verkbækistöðvarinnar á Klambratúni hjá Reykjavíkurborg, sem sinnir meðal annar Hljómskálagarðinum og miðbæ Reykjavíkur. Guðlaug hefur einnig starfað á ræktunarstöð Reykjavíkurborgar þar sem hún sá m.a um skipulagningu á ræktun sumarblóma fyrir borgina. Guðlaug býr yfir mikilli reynslu í skrúðgarðyrkju og stjórnun. Við bjóðum Guðlaugu hjartanlega velkomna til starfa og mun hún hefja störf 29. maí næstkomandi.

Vegna aukinna verkefna leitar Vinnumálastofnun eftir starfsmönnum til ýmissa starfa. Viðkomandi starfsmenn þurfa að vera tilbúnir til að takast á við krefjandi verkefni og vinna á árangursríkan hátt í samstarfi við innri og ytri hagsmunaaðila. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvellt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar en einnig þurfa þeir að búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

Ráðgjafar þjónusta atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þurfa ráðgjafar að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Ráðgjöf og vinnumiðlun við fólk með skerta starfsgetu.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval.
- Skráningar og upplýsingamiðlun.
- Kynningar, starfsleitarfundir og námskeið.
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki.
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs- og hagsmunaaðila.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, eða önnur menntun á félagssviði.
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Samskipta- og skipulagshæfni.
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Fræðagarður hafa gert.

Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 25.05.2020

Nánari upplýsingar veitir
Svava Júlía Jónsdóttir forstöðumaður
- svava.jonsdottir@vmst.is
- 515 4800

VINNUMÁLA STOFNUN

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

ÝMISLEGT

Spákvöld 29. maí
Áhugasamar taki kvöldið frá. Nánari upplýsingar í síma.

TIL SÖLU

Vegna flutninga, TIL SÖLU fallegt tvíbreitt rúm + 2 náttborð + bekkur. Einnig hægindastóll, mexíkóskur stíll, Ikea bókahillur Billy, safn af tekötlum, gítar og fleira.

HEILSA

NLP Meðferðardáleiðsla og tilfinningavinna
Tryggðu þér einkatíma í handleiðslu.
Er á Selfossi og Laugarvatni.
Sími 862 4809
Vertu velkomin/n

Katrín Erla Kjartansdóttir
MP NLP Ráðgjafi/Coach
Facebook; NLP Meðferðardáleiðsla

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa í Selfosskirkju 24. maí kl. 11. Verið velkomin til góðrar stundar. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Selfosskirkju syngur undir stjorn Edit Molnár organista.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta sunnudag 24. maí kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Aðventistar
Lokað er í safnaðarheimili aðventista hér á Selfossi enn um sinn. Minni á streymi á Youtube og valið er Adventkirkjan í Reykjavík, þar sem öll dagskrá er á íslensku, hvíldardagsskóli kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Á ensku er streymi frá kirkjunni í Hafnarfirði, einnig á Youtube og valið er Loftsalurinn, en þar byrjar guðsþjónustan kl. 11.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
2ja til 3ja herbergja íbúð er til leigu í lyftublokk, miðsvæðis á Selfossi. Laus fljótlega. Langtímaleiga. Uppl. í síma 618 1511.

ATVINNA

Þrif í heimahúsi
Við auglýsum eftir einstaklingi með reynslu og áhuga á hreingerningum til að sinna þrifum í heimahúsi. Um er að ræða nokkuð stórt en mjög snyrtilegt einbýlishús á Selfossi. Vinnutíminn er ca. 4 klst. aðra hvora viku og einstaka aukaþrif. Áhugasamir sendi umsókn á petra@tannalfur.is sem fyrst. Gott að láta meðmæli fylgja.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Lífshamingjan, styrkurinn og sjálfsábyrgðin

Aldrei meira en nú hefur það verið eins mikilvægt að hlúa að eigin hamingju og vellíðan á þessum miklu umbreytingartímum. Taka góða ábyrgð á sjálfum sér fara innávið og vinna þessa innri vinnu sem skilar sér svo margfalt til baka í meiri lífsgleði og velgengni. Allt byrjar með innra samtali við sjálfan þig, taka stöðuna með sjálfum þér. Elska þig.

Að leggja upp í ferðalag sjálfsskoðunar getur verið ein stærsta gjöfin sem þú gefur sjálfum þér. Að skoða og viðurkenna eigin tilfinningar með opnu hjarta, að losa sig við innibirgðar neikvæðar tilfinningar eins og kvíða, reiði og höfnun sem gera það að verkum að þú ert ekki að njóta þín til fulls. Viðvarandi álag í óvissu, erfiðar tilfinningar og áföll hafa einnig mjög víðtæk áhrif á líkamann og ónæmiskerfið. Það er aldrei meiri þörf en einmitt núna að styrkja ónæmiskerfi sitt þannig að líkaminn sé sterkur, vernda sig frá því að vírus finni sér bólfestu og valdi veikindum eins og Covid svo dæmi sé tekið. Heildrænt heilbrigði líkama og sálar er aldrei aðskilið.

Ástæðan fyrir því að ég set þessar línur á blað er að ég hef mikinn og einlægan áhuga á að hjálpa og veita leiðsögn þeim sem hennar þarfnast. Ég hef byggt upp mikla þekkingu í gegnum þau 34 ár sem ég hef starfað sem meðferðaraðili. Fyrstu árin mín á þessari braut vann ég sem heilsunuddari en fljótlega sá ég það að það dugði ekki að vinna bara með líkamleg mein í meðferðum mínum. Upp úr aldamótunum kynntist ég jákvæðu sálfræðinni NLP (Nevro Linguistic Programming). Með jákvæðri sálfræði ásamt markþjálfamenntun hef ég haldið fyrirlestra, námskeið fyrir hina ýmsu aðila ásamt því að bjóða upp á einkatíma fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

Ég persónulega hef farið í gegnum mörg áföll í lífinu sem í dag ég þakka fyrir því þau hafa öll gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Mín lífsins ganga hefur fært mér mikinn lærdóm og reynslu svo ég sé í stakk búin til að hjálpa öðrum með næmni mína og kærleika að leiðarljósi.

NLP leiðir að lausnum og eru mjög kærleiksríkar og umvefjandi aðferðir. Með þessari aðferðafræði þá er unnið bæði að andlegri og líkamlegri heilsu. Horfðu á heildarmyndina þína, hugaðu að góðri hvíld, hreyfingu, næringu með vellíðan í sinni og njóttu þess um leið að vera þú. Mundu að elska þig og lífið þitt.

Ef ég get orðið þér að liði þá býð ég upp á fyrirlestra, námskeið og einkatíma í handleiðslu á Selfossi og Laugarvatni.

Sendi fullt hús kærleika til þín sem þetta lest.

Katrín Erla Kjartansdóttir,
MP NLP.
Lífsmarkmið og samskiptafræði NLP.

Laxabakki friðlýstur

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hefur samþykkt tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu bæjarins Laxabakka, sem stendur við sunnanvert Sog í Árnessýslu skammt neðan brúarinnar við Þrastalund.

Húsið átti og reisti Ósvaldur Knudsen (1899-1975) málarameistari og brautryðjandi í gerð leikinna kvikmynda og heimildamynda um íslenska náttúru. Var það byggt sem veiði- og frístundahús en Ósvaldur hannaði og smíðaði húsið í mynd íslensks torfbæjar með tveimur misháum burstum, torfi á þaki og hlöðnum hliðarveggjum úr hraunhellum. Við árbakkann skammt frá húsinu eru leifar bátaskýlis með torfþekju sem nú er fallin.

„Ég fagna því að þetta fallega og sögufræga hús fái þá viðurkenningu sem því ber. Húsið hefur mikla sérstöðu en fá torfhús með burstalagi eru enn uppistandandi á suðvesturhorni landsins," segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Laxabakki er sambland af torfbæ og timburhúsi sem stendur föstum fótum í innlendri byggingarhefð en sker sig jafnframt úr sem sjálfstætt verk með sterk höfundareinkenni. Baðstofa hússins er rétt smíðuð samkvæmt aldagamalli hefð. Færa má fyrir því rök að húsið sé seinasti hlekkurinn í óslitinni, ellefu hundruð ára þróunarsögu íslenska bæjarins. Finnski arkitektinn Alvar Aalto sótti Laxabakka heim árið 1968 og er til ljósmynd af honum við húsið ásamt Skarphéðni Jóhannssyni arkitekt. Haft var eftir Aalto að Laxabakki væri að hans mati fegursta bygging á Íslandi.

Í friðlýsingartillögu Minjastofnunar Íslands kemur fram að varðveislugildi Laxabakka sé mikið þrátt fyrir bágborið ástand hússins, og felst það gildi þess ekki síst í samspili byggingarlistar við náttúru og umhverfi.

Minjastofnun Íslands mun þinglýsa friðlýsingunni og tilkynna hlutaðeigandi aðilum um hana samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar.

Lífið er hola

Veturinn hefur ekki farið mjúkum höndum um yfirborð vega frekar en fyrri daginn. Í bílferð fer það í besta falli í taugarnar á fólki að hristast um þegar það lendir í holunum og í versta falli með sprungnu dekki. „Það er ekkert mál að vera á bíl í kringum allar þessar holur á öllum vegum þessa stundina. Það er verra mál að vera á mótorhjóli að þræða milli þeirra," segir Steinþór Jónas Einarsson, mótorhjólakappi í samtali við Dagskrána. „Þessar holur eru lífshættulegar fyrir okkur sem ökum á mótorhjólum, en það þýðir lítið annað en að vera með upp glennt augu og vanda sig við aksturinn. Sé nú ekki talað um að halda hraðanum innan þeirra marka sem löggjafinn setur okkur," segir Steinþór að lokum. *-gpp*

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

HVAR NÁLGAST ÉG DAGSKRÁNA Á SELFOSSI?

Vegna breytinga á þjónustu hjá Póstinum er Dagskránni ekki lengur dreift ómerktri í hús á Selfossi.

Leiðir til að fá Dagskrána

1. Í blaðakössum á Selfossi
   Blaðakassarnir eru í flestum hverfum á Selfossi og auðvelt að nálgast blaðið á miðvikudagsmorgnum.
2. Í verslunum á Selfossi
   Öllum matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
3. Send heim með Póstinum
   *Hægt er að sækja um þjónustuna inni á **dfs.is/dreifing** eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | dfs@dfs.is | www.dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2548 Miðvikudagur 20. maí 2020

65 milljónir í viðspyrnu ferðaþjónustunnar á Suðurlandi

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnti nýlega að sóknaráætlanir landshlutanna fengju 200 m.kr. í viðbótarframlag. Af því fengu Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hæsta framlagið, 36 m.kr. Fjárveitingin er liður í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að sporna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldursins og styðja við verkefni á landsbyggðinni. SASS gerði samhliða viðamiklar breytingar á verkefnum sóknaráætlunarinnar á þessu ári og þannig að samtals eru lagðar til 65 m.kr. í nýtt áhersluverkefni „Sóknarfæri ferðaþjónustunnar“. Af þessum 65 m.kr. verður 48 m.kr. ráðstafað sem beinum verkefnastyrkjum til ferðaþjónustuaðila.

Alls bárust 211 umsóknir í Sóknarfæri ferðaþjónustunnar

Umsóknarfrestur í sjóðinn Sóknarfæri ferðaþjónustunnar rann út 12. maí sl. Alls bárust 211 umsóknir. Vegna mikils fjölda umsókna verður unnið að því að móta enn frekari aðgerðir af hálfu SASS sem stutt geta við sem flesta umsækjendur og aðra ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi. Fyrirséð er að sjóðurinn getur stutt við 96 verkefni með beinum verkefnastyrkjum. „Þessi mikli fjöldi umsókna er enn ein birtingarmynd þess ástands sem nú ríkir í ferðaþjónustunni. Á sama tíma og framtakssemi og áræðni atvinnugreinarinnar kemur berlega í ljós, í gegnum þann fjölda verkefna sem fyrirtækin vilja hrinda í framkvæmd. Þá vill SASS koma á framfæri þökkum til allra umsækjenda fyrir góðar undirtektir og góð samskipti,“ segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS.

Kynningarátak á landshlutanum samhliða verkefnastyrkjum

Samhliða beinum styrkveitingum til ferðaþjónustunnar verður ráðist í markvisst kynningarátak, beint að innlendum ferðamönnum, í landshlutanum. Sá þáttur verður samstarf Markaðsstofu Suðurlands og ráðgjafa SASS. „Verkefnið í heild felur í sér kynningu á landshlutanum samhliða beinum verkefnastyrkjum ásamt því að áfram verður unnið að fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í formi fræðslu- og stuðningsefnis sem ætlað er að styðja við verkefnin sem hafa fengið styrk,“ segir Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS.

Verkefnið hefur verið unnið hratt áfram

Mikið er að gera hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga til þess að sinna þeim aðkallandi verkefnum sem eru í landshlutanum í kjölfar heimsfaraldursins og starfsfólk unnið hratt. „Verkefnið, Sóknarfæri ferðaþjónustunnar, var í heild samþykkt af stjórn SASS 22. apríl sl. Opnað var fyrir umsóknir í nýja sjóðinn viku síðar, 29. apríl. Opið var fyrir umsóknir fram til 12. maí sl. Á þeim stutta tíma skiluðu sér, eins og áður sagði, 211 umsóknir. Yfirferð umsókna stendur nú yfir og stefnt er að því að kynna niðurstöður úthlutunar gagnvart umsækjendum þann 25. maí nk.“, segja Bjarni og Þórður að lokum. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fosera
Gæludýrafóður
Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.is
Auglýsingapantanir
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Jiiibbiii Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Stálsmíði
- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði
Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvegi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson · Svanhildur Eiríksdóttir · Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is